



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um árangursmælingar á sérkennslu í grunnskólum**

Á fundi borgarráðs, 27. október 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort hafnar eru árangursmælingar á sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur. Flokkur fólksins var með tillögu um að gera slíkar mælingar fyrir nokkrum misserum. Miklu fé er varið í sérkennslu á hverju ári eða um fimm milljörðum sem er hið besta mál. En ávallt þarf að spyrja hvort sérkennslan sé vel skilgreind og einstaklingsmiðuð og hvort hún sé að skila mælanlegum árangri. Einnig er mikilvægt að barn fái viðhlítandi greiningu áður en það fer í sérkennslu til þess að hægt sé að haga sérkennslunni þannig að hún mæti þörfum barnsins. Til þess að vera fullviss um að barn sé að fá það út úr sérkennslunni sem það þarf verður að mæla árangur og aðeins þannig er hægt að endurbæta hana eftir þörfum og á forsendum barnsins. Löngu tímabært er að meta með kerfisbundnum hætti árangur með reglulegum hlutlægum mælingum til að greina hvort sérkennslan hafi leitt til bættrar stöðu barna og ef ekki, að greina og innleiða þá helstu tækifæri til úrbóta. Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.*

#### **Svar:**

Grunnskólar borgarinnar nota ýmsar leiðir til að meta hvaða nemendur þurfa á sérstökum stuðningi eða sérkennslu að halda í skólastarfinu og hvort og þá hvernig þörfum barnanna sé mætt.

Grunnskólarnir hafa frá árinu 2014–2015 gert heildaráætlanir um stoðþjónustu sína þar sem lýst er heildarskipulagi náms og stuðnings fyrir nemendur með sérþarfir. Heildaráætlanir um skipulag stoðþjónustunnar gefa starfsfólki stoðþjónustunnar og stjórnendum skólanna verkfæri til að meta árlega stöðu stoðþjónustunnar í skólanum, hvað hefur skilað góðum árangri og megi þróa áfram og hvað þarf að endurskoða.

Vorið 2019 fór sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar þess á leit við Hrund Logadóttur sérfræðing í sérkennslumálum að taka að sér að gera úttekt á gæðum starfs með nemendum í grunnskólum borgarinnar, sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda. Í upphafi var ráðgert að rýna allt að 20 skóla en af ýmsum ástæðum sem fram koma í skýrslunni náðist að rýna þjónustu í 9 skólum í borginni. Skólar úttektarinnar voru valdir í samráði við sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og var leitast við að velja mismunandi skólagerðir, heildstæða skóla, yngri nemenda skóla og unglingaskóla sem dreifðust um öll þjónustuhverfi þjónustumiðstöðva borgarinnar. Almennu voru skólarnir áhugasamir um þátttöku og töldu sig geta haft ávinning af slíkri úttekt til umbóta í skólastarfinu. Nokkur vinna fólst í þátttöku fyrir marga starfsmenn skólanna sem þeir tóku þátt í af mikilli samviskusemi og jákvæðni. Meðfylgjandi er skýrsla sem



gerð var um úttektina. [https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/218\\_5.1\\_stodthjonusta\\_i\\_grunnskolum\\_lokaskyrsla.pdf](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/218_5.1_stodthjonusta_i_grunnskolum_lokaskyrsla.pdf)

Í flestum skólum sem tóku þátt í rannsókn Hrundar Logadóttur (2021) er gerð einstaklingsnámskrá til að skipuleggja og hafa yfirsýn yfir nám nemenda með sérþarfir. Almennt var starfsfólk stoðþjónustu skólanna sammála um að einstaklingsnámskrár væru gagnlegar, gagnlegt væri að fara í gegnum ferlið við gerð þeirra og að í þeim sé að finna mikilvægar upplýsingar um og yfirsýn yfir framfarir og árangur nemendanna séu þær rétt og vel notaðar í skólastarfinu. Nánari upplýsingar um einstaklingsnámskrár er að finna á bls. 61-68 í skýrslunni.

Í skýrslunni er sérstaklega fjallað um skimanir, mat á árangri og nýtingu niðurstaðna. Fram kom að allir skólarnir sem tóku þátt leggja reglulega fyrir þéttriðið net lestrarskimana og prófa á öllum aldursstigum til að fylgjast með stöðu nemenda og árangri í lestri. Inngrip í kjölfar skimana eru að jafnaði fjölbreytt og ná til allra nemenda. Í flestum skólum eru gerðar einstaklingsgreiningar á nemendum þar sem grunur er um alvarlega lestrarerfiðleika og áhersla á að vinna strax með þá nemendur sem sýna skýr einkenni lesblindu eða lestrarvanda. Sérstaklega er fjallað um mælingar á árangri inngripa og skráningar. Í flestum skólum er gerð grein fyrir námsmati í einstaklingsnámskrám þeirra nemenda sem slíkt á við og námskráin endurmetin a.m.k. einu sinni á önn. Sífellt er verið að meta stöðu nemenda og hvernig hægt sé að gera betur. Einkunnir nemenda gefi þó ekki alltaf fullnægjandi upplýsingar um árangur og framfarir hjá nemendum heldur sé námsmat oft fólgið í að meta þætti sem erfitt er að meta hlutlægt, t.d. þegar um er að ræða líðan og námsáhuga nemenda. Í námsverum og sérhæfðum úrræðum á unglíngastigi voru t.d. verkefni nemenda skoðuð og metin til að fá vísbendingar um framfarir og árangur nemenda. Skólustjórar virtust almennt sammála um að tækifæri væru til að bæta heildarmat á árangri og virkni stoðkerfis skólanna, t.d. í tengslum við innra mat.

Þess skal getið að nú stendur yfir gagnger endurskoðun á öllu stoðkerfi við leik- og grunnskóla í gegnum verkefnið *Betri borg fyrir börn*. Þá eru í undirbúningi vinnustofur fyrir stjórnendur grunnskólanna þar sem unnið verður að því að móta og byggja upp sameiginlegan skilning og sátt um stefnu, áherslur og gildi stoðþjónustu, unnið með grunnþætti skipulags stoðþjónustunnar, verklagsreglur og ferla, stoðþjónusta hvers skóla endurskoðuð m.t.t. kortlagðra þarfa og möguleika hvers skóla til fjölbreyttra starfshátta og mat á virkni, framkvæmd og árangri stoðþjónustunnar. Í lok þeirrar vinnu færi fram sameiginlegur fundur stjórnenda þar sem ferlið verður dregið saman, afurðir skoðaðar og kynnt hvernig skólarnir hafa lagt mat á stoðþjónustuna.

Unnið er handbókum fyrir deildarstjóra stuðningsþjónustu í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi. Þetta er unnið í samvinnu milli ábyrgðaraðila innan skrifstofu skóla og frístundasviðs ásamt starfsmanni þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Samræmis verður gætt í þessum handbókum í takt við áherslu um *Betri borg fyrir börn*. Í handbók fyrir deildarstjóra stoðþjónustu í grunnskólum verður leiðbeinandi kafli um mat á árangri og árangursmælingar.

Í borgarráði 10. júní 2021 voru samþykktar sex tillögur stýrihóps um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuparfir. Þetta er einn liður í verkefninu *Betri borg fyrir börn*. Leitað var til lærdómssamfélags stoðþjónustu grunnskólanna til að fá álit og upplýsingar um hvaða matstæki grunnskólum finnst heppilegast að nota til að meta námslegar framfarir nemendahóps eða einstakra barna. Fram kom í svörum sérfræðinganna að skólarnir voru alla jafna að nota sömu matstæki.



Skóla- og frístundaráð hefur mælt til þess að allir skólar að leggi eftirtaldar 5 skimanir/próf fyrir:

- **Lesferill** (lagður fyrir 1.-10. bekk þrisvar á ári). Niðurstöður greindar til aðgerða og gripið til viðeigandi íhlutunar með það að markmiði að allir nemendur nái hámarks árangri.
- **Milli mála** (lagt fyrir nemendur í 1.-10. bekk sem eru með íslensku sem annað mál)
- **Lesmál** (lagt fyrir 2. bekk - metur ekki framfarir)
- **Sænska stöðumatið** (lagt fyrir innflytjendur sem eru byrjendur í íslensku, nemendur í 2.-10. bekk - metur ekki framfarir)
- **Talnalykill** (lagt fyrir 3. bekk - metur ekki framfarir), hefur verið ákveðið að leggja af sem skimun í 3. bekk en nýta má Talnalykil til að meta styrkleika og veikleika nemenda í 1. – 7. bekk í stærðfræði.

Önnur próf eða skimunartæki sem eru valkvæð:

- **Orðleysa** (Fyrst lagt fyrir í janúar í 1. bekk og endurtekið þar til nemendur hafa náð meðaltali)
- **Sjónrænn orðaforði** (Fyrst lagt fyrir í janúar í 1. bekk og endurtekið þar til nemendur hafa náð meðaltali)
- **Orðarún** lesskilningspróf, 3. til 8. bekk, þetta nota flestir.
- **Læsi 1** fyrir 1. bekk. Niðurstöður oft skoðaðar í samhengi við niðurstöður úr Hljóm2 í leikskólum
- **Framburðarskimun talmeinafræðings** í 1.-2. bekk.

Auk þess:

- **Hljóm-2** (Niðurstöður nýttar til að skipuleggja þjálfun og málörvun nemenda í 1. bekk og spá fyrir um lestrarnámið, þörf á inngripum o.þ.h.)
- **Tilfinningar og líðan**. Mikilvæg matstæki sem meta m.a. tengsl, líðan og viðhorf til náms:
  - **Skólapúlsinn** fyrir 3.-5. bekk og 6.-10. bekk.
  - **Rannsóknin Ungt fólk** sem framkvæmd er af RogG
  - **Tengslakannanir**. Æskilegt að hér væri til gagnreynt og áreiðanlegt mælitæki.
- **Leiðsagnarnám/leiðsagnarmat** (þar sem nemandanum er veitt leiðsögn sem hjálpar honum að ná þeim markmiðum sem hann stefnir að).
- **Aston Index** Stafsetningarkönnun. Lögð fyrir í 2.-7. bekk í einstaka skólum.
- **Matsrammi fyrir lesfimi**. Veitir nemendum og forráðamönnum upplýsingar og endurgjöf um stöðu nemandans og hver næstu skref þurfa að vera í kennslu og þjálfun lesfimi.
- **Matsferill**. Hafin er vinna við hönnun Matsferils, nýrrar verkfærakistu kennara og skóla.

Af ofansögðu telur skrifstofa skóla- og frístundasviðs að ljóst megi vera að í grunnskólum borgarinnar sé unnið markvisst og skipulega að því að meta reglulega þörf nemenda fyrir sérkennslu og/eða stuðning í skólastarfinu og hvort þau inngrip sem gripið er til skili tilætluðum árangri. En skrifstofa skóla- og frístundasviðs getur verið sammála skólastjórnendum grunnskóla um að tækifæri séu til að bæta heildarmat á árangri og virkni stoðkerfis skólanna,



t.d. í tengslum við innra mat enda er lengi svigrúm til að gera gott skólastarf enn betra. Skrifstofa skóla- og frístundasviðs bindur vonir við að þær vinnustofur sem fyrirhugað er að fara í með stjórnendum í því skyni að byggja upp sameiginlegan skilning og sátt um stefnu áherslur og gildi stoðþjónustu, skipulag stoðþjónustunnar, kortleggja þarfir og möguleika hvers skóla til fjölbreyttra starfshátta skili upplýsingum um virkni, framkvæmd og árangur stoðþjónustunnar eins og að er stefnt. Einnig eru í gangi vinnustofur fyrir stjórnendur og matsteymi skólanna um innra mat þar sem stjórnendur og matsteymin fá stuðning og leiðsögn um áherslur og verkfæri til að nota við innra mat grunnskóla.